Fundargerð tenglafundar foreldrafélagsins 29. September 2026

Fundur haldinn að loknum aðalfundi á Miðbar 29. september 2026 af foreldrafélagi Vallaskóla.

Boðið er upp á veitingar í boði foreldrafélagsins, gosdrykkir, taco og smáborgarar.

1. **Almenn atriði**

   Nokkuð góð mæting á tenglafund. Það vantar enn tengla í suma bekki og verður áfram unnið að því að fylla upp í þau göt með góðri hjálp frá Lilju Írenu fjöltengli.

   Stofnaðir hafa verið Messenger-hópar fyrir bekkjartengla hvers árgangs til að auðvelda samskipti við fjöltengil.

   Sameiginlegur fundur fyrir bekkjartengla er til að leggja áhersla á að tenglar hittist og ræði saman um hugmyndir að viðburðum og samveru. Einn hópur hafði þegar tekið frá Austurrýmið fyrir ball.

2. **Hlutverk bekkjartengla og samvera**

   Lilja Írena, fjöltengill, fer yfir hlutverk bekkjartengla og hugmyndir að samveru með bekkjum.

   Stjórn foreldrafélags ákvað að tenglafundurinn yrði haldinn utan skólans með veitingum til að skapa góða stemningu og léttara spjall. Við viljum endilega reyna að halda svipaðan fund í lok skólaárs þar sem farið yrði yfir starfið og reynslu ársins.

   Vonast stjórnin til að starf bekkjartengla muni efla samskipti foreldra og tengsl þeirra á milli með skipulagðri samveru þar sem foreldrar og börn taka þátt.

   Samvera getur verið skipulögð innan umsjónarbekkja eða árganga. Bekkjartenglar þurfa ekki einir að sjá um allan undirbúning og framkvæmd heldur taka foreldrar sameiginlega þátt í starfinu. Hugmyndir að samveru má útfæra með ýmsum hætti og tillögur að verkefnum hafa verið sendar á alla tengla og verða aðgengilegar á veggspjaldi sem er í vinnslu.

   Bekkjartenglar sjá um samskipti árganga í hóp á Facebook og hvatt er til þess að foreldralistar verði yfirfarnir til að tryggja að foreldrar séu hluti af viðeigandi hópi.

   Mikilvægt er að tenglar eigi gott samstarf við kennara. Kennarar geta einnig leitað til bekkjartengla eftir aðstoð við að virkja foreldra. Þótt svör við fyrirspurnum berist ekki alltaf sé mikilvægt að halda áfram að efla samskipti og samstarf.

Hvatt er til þess að deila fréttum og myndum af viðburðum/tenglastarfinu á Facebooksíðu foreldrafélagsins.

Lilja Írena og Ragnheiður sitja í skólaráði og geta bekkjartenglar leitað til þeirra varðandi málefni sem þarfnast umræðu eða eftirfylgni.

3. Farsældarsáttmálinn

Signý kynnir stuttlega farsældarsáttmálann og mikilvægi þess að foreldrar taki þátt í umræðum um hann. Að árgangar vinni saman að reglum sem þau síðan fylgi.

Rætt var um fyrirkomulag foreldraþings eða foreldrafundar. Á síðasta skólaári var haldið foreldraþing þar sem unnið var með sáttmálann frá kl. 17:00 til 19:00. Sumir árgangar hittust aftur síðar og skrifuðu undir sáttmálann. Almennur vilji er meðal fundargesta til að halda áfram með þetta fyrirkomulag og gera foreldraþingið að árlegri hefð. Lagt er til að halda viðburðinn eitt kvöld og skapa gott andrúmsloft fyrir samtal og samstarf. Einnig er rætt um mikilvægi þess að foreldrar kynntu sér sáttmálann og kæmu honum á framfæri innan foreldrahópsins.

Stefnt er á að halda foreldraþing um farsældarsáttmálann þriðjudaginn 13. október kl. 19:30 og hafa þá tilbúna til undirritunar í foreldraviðtölum 2. og 3. nóvember.

4. Önnur mál

Rætt er um hlutverk bekkjartengla við fjáröflun fyrir 10. bekk. Tenglar þurfa að vera í góðum samskiptum við kennara og samræma skipulag og framkvæmd fjáröflunarinnar við þá. Tenglar 10. bekkjar eru sammála um að fjáröflun þurfi að byrja sem fyrst.

Fundi slitið 21:10 en mörg sátu áfram til að skipuleggja vetrarstarfið.